



Reiðhöll Sörla

Nýbygging - Útboð á hönnun



Verkkaupi:
Hafnarfjarðarbær
23. september
2020



TILBOÐSBLAÐ

Undirritaður gerir hér með eftirfarandi verðtilboð í alla hönnun og ráðgjöf arkitekta- og verkfræðinga, vegna verkefnisins Reiðhöll Sörla, nýbygging 2020, heildarhönnun.

Tilboðið er gert í fullu samræmi við meðfylgjandi útboðsgögn.

Heildartilboðsfjárhæð er kr. _____ þ.m.t. vsk.

(kr. _____ þ.m.t. vsk.)

Nokkur sérákvæði útboðslýsingar:

Útboðsform: Almennt útboð

Móttaka tilboða: Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðarbæjar, Norðurhelli 2, Hafnarfirði, sbr. grein 0.1.3 Útboðsform - útboðsyfirlit.

Tilboðsfjárhæðir einstakra ráðgjafasviða, allar tilboðsfjárhæðir eru með virðisaukaskatti:

1. Forhönnun

Verkpáttur	Tilboðsfjárhæð kr. með vsk.
Forhönnun arkitekta	
Forhönnun verkfræðinga	
Samtals forhönnun	

2. Fullnaðarhönnun og ráðgjöf arkitekta

Verkpáttur	Tilboðsfjárhæð, kr. með vsk.
Aðaluppdrættir	
Fullnaðarhönnun, séruppdrættir, innréttingateikningar, reiðvallargólf	
Útboðslýsing, verklýsingar og tilboðsskrár	
Kostnaðaráætlanir og kostnaðargát	
Samræming og rýni gagna	
Ritstýring útboðsgagna	
Samtals fullnaðarhönnun og ráðgjöf arkitekta	

3. Fullnaðarhönnun og ráðgjöf verkfræðinga:

Verkpáttur	Tilboðsfjárhæð, kr. með vsk.
Hönnun burðarvirkja, grundunar og reiðvallargólfs	
Hönnun lagnakerfa	
Hönnun loftræsikerfa	
Hönnun rafkerfa	
Hönnun lýsingar	
Brunahönnun	
Hönnun hljóðvistar	
Jarðvegsrannsóknir og jarðtækniskýrsla	
Útboðslýsing, verklýsingar og tilboðsskrár, þar með talið skipulag aðstöðusköpunar á verkstað. Miða skal við að útboðið verði í tveimur áföngum, reiðhöll og tengibygging 1. áfangi og tengibygging 2. áfangi	
Kostnaðaráætlanir og kostnaðargát	
Samræming og rýni gagna	
Samtals fullnaðarhönnun og ráðgjöf verkfræðinga	

4. Ráðgjöf á byggingartíma, unnið samkvæmt boðnu meðaltímagjaldi. Tímafjöldi er áætlaður af verkkaupa og getur breyst:

Verkpáttur	Klst.	Tímagjald, kr. með vsk.	Tilboðsfjárhæð, kr. með vsk.
Ráðgjöf arkitekta á byggingartíma	200		
Ráðgjöf verkfræðinga á byggingartíma	200		
Samtals ráðgjöf á byggingartíma, kr. með vsk.			

Heildartilboð í verkliði 1, 2, 3 og 4 hér að ofan	
--	--

Fyrirtæki bjóðanda og kennitala _____

Heimilisfang _____

Tengiliður bjóðanda _____

sími _____ netfang _____

Staður og dagsetning _____

Undirskrift bjóðanda _____

Vitundarvottar:

_____ kt.

(undirskrift og kennitala)

_____ kt.

(undirskrift og kennitala)

EFNISYFIRLIT

TILBOÐSBLAÐ	2
0. ÚTBOÐS- OG SAMNINGSSKILMÁLAR	7
0.1 YFIRLIT	7
0.1.1 Útboð	7
0.1.2 Yfirlit yfir verkefnið	7
0.1.3 Útboðsform - útboðsyfirlit	8
0.1.4 Upplýsingar um samningsaðila	8
0.1.5 Útboðsgögn	8
0.1.6 Tungumál	9
0.1.7 Skýringar á útboðsgögnum	9
0.1.8 Kynningarfundur	9
0.2 TILBOÐ	9
0.2.1 Gerð og frágangur tilboðs	9
0.2.2 Fjárhagslegar kröfur til bjóðenda	9
0.2.3 Samningur milli verkkaupa og bjóðanda	10
0.2.4 Lykilstarfsmenn	10
0.2.5 Fylgigögn með tilboði	10
0.2.6 Upplýsingar um bjóðanda – formblað A1	11
0.2.7 Upplýsingar um fjárhagsstöðu bjóðanda formblað A2	11
0.2.8 Almenn um lykilstarfsmenn á sviði hönnunar	12
0.2.9 Verkefnisstjóri – Formblað A3	12
0.2.10 Hönnunarstjóri – Formblað A4	12
0.2.11 Arkitekt – Formblað A5	13
0.2.12 Verkfræðihönnun, burðarvirki – Formblað A6	13
0.2.13 Verkfræðihönnun, lagnir og loftræsikerfi – Formblað A7	13
0.2.14 Verkfræðihönnun, rafkerfi – Formblað A8	13
0.2.15 Verkfræðihönnun, lýsing – Formblað A9	13
0.2.16 Verkfræðihönnun, brunatæknileg hönnun – Formblað A10	13
0.2.17 Verkfræðihönnun, hljóðvistarhönnun – Formblað A11	14
0.2.18 Verkfræðihönnun, jarðtækni – Formblað A12	14
0.2.19 Kostnaðarráðgjafi – Formblað A13	14
0.3 TILBOÐ	14
0.3.1 Gerð og frágangur tilboðs	14
0.3.2 Fylgigögn með tilboði	14
0.3.3 Auðkenni tilboðs	14
0.3.4 Skilafrestur og opnun tilboða	15
0.3.5 Meðferð og mat á tilboðum	15
0.3.6 Tilboðstrygging – Gildistími tilboðs	15
0.3.7 Þóknun fyrir gerð tilboðs	15
0.4 GREIÐSLUR - VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR	15
0.4.1 Greiðslur, magntölur og reikningsskil	15
0.4.2 Verðlagsgrundvöllur	16
0.4.3 Fyrirframgreiðsla	16
0.4.4 Aukaverk, viðbótarverk	16
0.4.5 Frestir – Tafabætur (dagsektir)	16
0.4.6 Ágreiningsmál	16
1. VERKLÝSING	18
1.1 VERKEFNI RÁÐGJAFI	18
1.1.0 Yfirlit	18
1.1.1 Hönnunarstig	18
1.1.2 Arkitektahönnun	18
1.1.4 Verkfræðihönnun	18
1.1.5 Útboðsgögn	23
1.1.6 Kostnaðaráætlun	23
1.1.7 Ráðgjöf á byggingartíma	24
1.1.8 Reyndarteikningar, breytingar og leiðréttingar	24
1.1.9 Samskipti og skipulag	24

1.1.10	Upplýsingalíkan mannvirkis (BIM)	24
1.1.11	Verkefnisvefur.....	25
1.1.12	Verklok ráðgjafa.....	25
VIÐAUKI 1: GÁTLISTI		26
VIÐAUKI 2: FORMBLÖÐ		27
VIÐAUKI 3: HÚSRÝMISÁÆTLUN		40

0. ÚTBOÐS- OG SAMNINGSSKILMÁLAR

0.1 YFIRLIT

0.1.1 Útboð

Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í heildarhönnun arkitekta og verkfræðinga vegna nýbyggingar Reiðhollar Sörla í Hafnarfirði ásamt tengingum við núverandi byggingu og nauðsynlegar breytingar á henni. Tilboð skal fela í sér fullnaðarhönnun á öllum verkþáttum sem nauðsynlegir eru til að fullgera bygginguna tilbúna til notkunar.

Verk þetta nefnist:

Reiðhöll Sörla – nýbygging 2020

Heildarhönnun

Verkið skal vinna samkvæmt útboðs- og verklýsingu þessari, ásamt þeim gögnum sem þar er vísað til.

Útboðið er opið og áskilur verkkaupi sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er og hafna tilboðum sem reynast vera yfir kostnaðaráætlun verkkaupa.

Útboðsgögn eru aðgengileg í hinu rafræna útboðskerfi www.tendesign.is

0.1.2 Yfirlit yfir verkefnið

Fyrirhugað er að byggja nýja reiðhöll hestamannafélagsins Sörla á svæði félagsins við Fluguskeið í Hafnarfirði.

Nýbyggingin verður byggð að og samtengd við eldra húsnæðið sem verður nýtt að fullu áfram. Byggingunni verður skipt í tvö megin rými, reiðhöll og tengibyggingu. Gert er ráð fyrir að tengibyggingin verði byggð í tveimur áföngum. Þar til 2. áfangi tengibyggingar kemst í notkun verður inngangur að áhorfendapöllum í nýrri reiðhöll í gegnum stiga í núverandi þjónusturými auk nýrrar lyftu sem verður byggð við hlið stigans.

Miðað er við að reiðhöllin verði byggð sem stálgrindarhús og klædd með samlokueiningum. Byggingin verður grunduð á klöpp og er gert ráð fyrir að boraðar verði bergfestur í klöppina.

Stærð reiðhollar er um 3.000 m² að grunnfleti og eru áhorfendapallar þar af um 500 m². Reiðgólfinu má skipta í þrjá minni sali til æfinga og kennslu. Þula- og dómarastrúka er um 25 m². Áætluð brúttóstærð reiðhollar með áhorfendastúku er um 3.185 m².

Tengibyggingar verða í tveimur áföngum, fyrsti áfangi áfangi verður um 360 m² og rúmar húsvörð, þjónusturými fyrir knapa, gangasvæði að áhorfendapöllum, tæknirými og salerni.

Annar áfangi tengiganga verður um 500 m² og mun rúma félagshesthús, nýtt anddyri ásamt félags- og kennsluástöðu.

Samtals nýbyggingar 4.045 m², sjá nánar í húsrýmisáætlun í viðauka 3 á bls. 40.

Einnig skal ráðgjafi hanna breytingar á eldra húsnæði, þar sem núverandi hesthúsi, um 63 m² verður breytt í vélageymslu.

Með útboði þessu fylgja frumdrög að hönnun reiðhollar sem unnin voru af Basalt arkitektum.

0.1.3 Útboðsform - útboðsyfirlitÚtboðsform:

Hér er um opið almennt útboð að ræða eins og lýst er í 2. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup og grein 1.2.2 í ÍST 30:2012. Útboðið er auglýst á Evrópska Efnahagssvæðinu (EES).

Útboðsyfirlit	Dags.
Hönnunarútboð auglýst	25.9.2020
Fyrirspurnatíma lýkur	20.10.2020
Svarfrestur rennur út	22.10.2020
Skil gagna og opnun tilboða, kl. 11.00	27.10.2020
Tilkynning um töku tilboðs	2.11.2020
Samningur við ráðgjafa undirritaður	12.11.2020
Hönnunartími hefst	13.11.2020
Forhönnun lýkur	30.12.2020
Aðaluppdráttum skilað inn til byggingafulltrúa	15.1.2021
Gerð uppdráttu og verklýsinga lokið	29.4.2021
Gerð útboðsgagna lokið og rýndum hönnunargögnum skilað til verkkaupa	14.5.2021
Tafabætur	0,1% af samningsupphæð
Verðlagsgrundvöllur	Launavísitala

Útboðsgögn eru aðgengileg í hinu rafræna útboðskerfi www.tendsign.is

Tilboð skulu hafa borist í hinu rafræna útboðskerfi, eigi síðar en á þeim tíma sem getið er um í útboðsyfirliti hér að ofan.

Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að kalla eftir öðrum upplýsingum sem varða verkefnið. Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki, getur tilboðum þeirra verið vísað frá. Farið verður með allar upplýsingar frá bjóðendum sem trúnaðarmál.

0.1.4 Upplýsingar um samningsaðila

Verkkaupi: Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579
Norðurhelli 2, 221 Hafnarfjörður.

Verkefnastjóri: Sigurður Haraldsson
siggih@hafnarfjordur.is

Ráðgjafi verkkaupa við gerð útboðsgagna: VSB Verkfræðistofa ehf.

Verkefnastjóri ráðgjafa: Stefán B. Veturliðason
stefan@vsb.is

0.1.5 Útboðsgögn

Útboðsgögn eru aðgengileg í hinu rafræna útboðskerfi www.tendsign.is

Til útboðsgagna teljast:

1. Útboðs- og samningsskilmálar þessir, PDF skjal, dags. í september 2020.

2. Word skjöl með tilboðsblaði (2.1), viðauka 1-gátlista (2.2) og viðauka 2-formblöðum (2.3)
3. Frumteikningar frá Basalt arkitektum (3.1, 3.2 og 3.3)
4. Frumteikningar frá Hanna verkfræðistofa (4.1, 4.2 og 4.3)

0.1.6 Tungumál

Tungumál verkefnisins er íslenska og skal tilboðum ásamt fylgigögnum skilað á íslensku.

0.1.7 Skýringar á útboðsgögnum

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í þeim, skal hann senda skriflega fyrirspurn í rafræna útboðskerfinu eigi síðar en kemur fram í grein 0.1.3 Útboðsform – útboðsyfirlit.

Fyrirspurnir sem berast síðar en tilgreint er í útboðsyfirliti verða ekki teknar til greina. Svör við fyrirspurnum verða birt í rafræna útboðskerfinu eigi síðar en getið er í grein 0.1.3 Útboðsform – útboðsyfirlit. Fyrirspurnir og svör við þeim verða hluti af útboðsgögnum.

0.1.8 Kynningarfundur

Ekki er gert ráð fyrir kynningarfundum með bjóðendum í þessu verki.

0.2 TILBOÐ

0.2.1 Gerð og frágangur tilboðs

Tilboð skal gera í allt verkið eins og því er lýst í útboðsgögnum. Innifalið í tilboði skal vera öll hönnun og gerð útboðsgagna til þess að bjóða verkið út, framkvæma verkið og taka það í notkun. Tilboð skal miðað við að öll hönnun og ráðgjöf verði unnin af ráðgjafanum sjálfum og að hönnunarvinnu sé ekki framvísað til verktaka.

Ef tilboð er gert sameiginlega af fleiri en einum aðila, skal koma fram hvaða fyrirtæki er ábyrgðaraðili fyrir verkinu og samningur eða samstarfsyfirlýsing skal fylgja með tilboði. Aðilum sem bjóða saman í verkið er heimilt að leggja saman eigið fé og veltu samstarfsaðilanna.

Bjóðendur skulu fylla út alla liði tilboðsskrár, sem er hluti af útboðsgögnum þessum. Litið er á óútfyllta liði tilboðsskrár sem ákvörðun bjóðanda um að innifela kostnað við þá í öðrum liðum, sbr. grein 2.4.4 í ÍST 30:2012.

Bjóðendur skili inn tilboðsblaði og tilboðsskrá. Tilboðsblað skal vera dagsett og undirritað af bjóðanda og bjóðandi skal einnig rita fangamark sitt á öll blöð tilboðsskrárinnar.

Inn í heildartilboð skal reikna virðisaukaskatt samkvæmt reglum sem um hann gilda á hverjum tíma. Öll einingarverð í tilboðsskrá skulu vera með virðisaukaskatti.

0.2.2 Fjárhagslegar kröfur til bjóðenda

Gerð er krafa um að eigið fé bjóðanda sé að lágmarki 10 milljónir króna og meðalvelta s.l. 2ja ára sé að lágmarki 75 milljónir kr. á ári.

Ef um bjóðanda eða tengda aðila, gildir eitt eða fleiri af eftirtöldum atriðum við opnun tilboðs, verður ekki gengið til samninga við hann:

- Eigið fé og meðalvelta síðustu tveggja ára er minna en kveðið er á um.

- Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri aðstöðu.
- Bjóðandi er í vanskilum með opinber gjöld.
- Bjóðandi er í vanskilum með iðgjöld til lífeyrissjóða starfsmanna.

0.2.3 Samningur milli verkkaupa og bjóðanda

Gerður verður skriflegur samningur um verkefnið.

0.2.4 Lykilstarfsmenn

Gerð er krafa um að bjóðendur tilnefni lykilstarfsmenn hönnunar sérstaklega samanber kafla 0.2.8 - 0.2.19. Ekki er heimilt að skipta um þá lykilstarfsmenn sem tilgreindir eru í fylgigögnum tilboðs nema sýnt sé fram á að nýr lykilstarfsmaður uppfylli viðeigandi hæfnisskilyrði. Nýr lykilstarfsmaður er alltaf háður samþykki verkkaupa.

Þá skal bjóðandi leggja fram lista yfir þá starfsmenn sem koma til með að vinna verkefnið.

0.2.5 Fylgigögn með tilboði

Hæfi bjóðenda verður metin af verkkaupa út frá þeim gögnum sem þeir skila inn með umsókn sinni.

Bjóðendur skulu fylla út formblöð og skila inn fylgigögnum samkvæmt formblöðum í viðauka 2 og gátlista í viðauka 1.

Þar sem talað er um sambærileg verkefni er átt við skólabyggingar, íþróttahús, opinberar stofnanir eða önnur útboðsverk sem eru að lágmarki 2.000 m² að flatarmáli og viðkomandi hönnuður hefur unnið að hönnun og gerð útboðsgagna. Þær byggingar sem nefndar eru skulu hafa verið byggðar eða eru í byggingu.

Yfirlit - Formblöð A1 – A13:

Upplýsingar um bjóðanda	Formblað A1
Upplýsingar um fjárhagsstöðu bjóðanda	Formblað A2
Verkefnisstjóri	Formblað A3
Hönnunarstjóri	Formblað A4
Arkitekt	Formblað A5
Verkfræðihönnuður, burðarvirki	Formblað A6
Verkfræðihönnuður, lagna- og loftræsikerfi	Formblað A7
Verkfræðihönnuður, rafkerfi	Formblað A8
Verkfræðihönnuður, lýsing	Formblað A9
Verkfræðihönnuður, brunatæknileg hönnun	Formblað A10
Verkfræðihönnuður, hljóðvistarhönnun	Formblað A11
Verkfræðihönnuður, jarðtækni	Formblað A12
Kostnaðarráðgjafi	Formblað A13

0.2.6 Upplýsingar um bjóðanda – formblað A1

Við mat á hæfni og reynslu bjóðanda samkvæmt þessu ákvæði er verkkaupa heimilt að taka tillit til hæfni og reynslu eigenda, stjórnenda, lykilstarfsmanna og undirráðgjafa af ráðgjöf og hönnun og leggja slíka hæfni og reynslu að jöfnu við hæfni og reynslu bjóðandans sjálfs, þótt reynsla viðkomandi aðila hafi áunnist í öðru fyrirtæki en hjá bjóðanda.

Bjóðendur skulu skila inn með umsókn sinni eftirtöldum upplýsingum. Farið verður með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál, ef þær eru þess eðlis.

- Ef um hlutafélag er að ræða er óskað eftir útskrift um hlutafélagið úr hlutafélagaskrá
- Ef tilboð er gert sameiginlega af fleiri en einum aðila, skal koma fram hvaða fyrirtæki er ábyrgðaraðili fyrir verkinu og samningur eða samstarfsyfirlýsing milli aðila skal fylgja með tilboði
- Almennar upplýsingar um bjóðanda, nöfn yfirmanna, stjórnenda og nafn þess starfsmanns, sem ber ábyrgð á og annast upplýsingagjöf vegna tilboðsins.
- Skrá yfir reynslu bjóðanda af sambærilegum verkum. Gerð er krafa um að bjóðandi hafi unnið sambærilegt verkefni á s.l. 15 árum þar sem verktakakostnaður var að lágmarki 1.200 milljónir króna. Verkefnið skal hafa verið unnið af þeim lykilmönnum sem tilnefndir eru í tilboði þessu og skal ná til hönnunar frá upphafi til loka með gerð útboðsgagna. Verkefnið skal vera komið í framkvæmd eða lokið. Nefna skal tengilið sem hafa má samband við vegna fyrri verkefna.
- Skrá yfir starfsmenn sem koma til með að vinna verkefnið, nefna skal að lágmarki 2 arkitekta, 2 verkfræðinga fyrir burðarvirki, 2 fyrir lagnakerfi og 2 fyrir rafmagn.
- Gerð er krafa um vottað gæðastjórnunarkerfi bjóðanda

0.2.7 Upplýsingar um fjárhagsstöðu bjóðanda formblað A2

Leggja skal fram almennar upplýsingar um fjárhagsstöðu umsækjanda sem lögaðila þannig að verkkaupi geti lagt mat á getu hans til að vinna verkefnið. Fjárhagslegt hæfi umsækjanda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem hann sendir inn með umsókn sinni, svo og annarra þeirra upplýsinga sem verkkaupi kann að óska eftir.

Fjárhagsstaða bjóðanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart verkkaupa, sbr. 71. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup.

Bjóðandi skal geta sýnt verkkaupa fram á að þau atriði sem lýst er í 68. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup og útiloka aðila frá þátttöku í opinberu innkaupaferli eigi ekki við um hann.

Með hliðsjón af áætluðu umfangi þess verkefnis sem hér um ræðir skal bjóðandi sýna fram á fjárhagslegt hæfi sitt til að takast á við verkefnið, eftir því sem hér segir:

Umsækjandi getur fært sönnur á fjárhagslega getu sína með ársreikningum árituðum af endurskoðanda eða útdrætti úr þeim sem sýnir fram á framangreinda eiginfjárstöðu umsækjanda. Ef umsækjandi er ófær um að leggja fram þessi gögn er honum heimilt að sýna fram á fjárhagslega getu sína með öðrum gögnum sem verkkaupi telur fullnægjandi.

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós nýlegt greiðslu- eða gjaldþrot eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur verkkaupi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut öldungis sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

Komi til samnings við bjóðanda, mun hann lýsa því yfir í verksamningi, að hann mun tryggja að allir starfsmenn sem koma munu að verkinu, hvort sem er starfsmenn

Þjófanda eða undirverktaka, fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar. Jafnframt tryggir verktaki og ber ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn verktaka, undirverktaka eða starfsmannaleiga, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við samninginn, gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni.

Að auki ber þjófandi ábyrgð á og skal hafa í gildi og viðhalda tryggingum fyrir tjóni vegna slysa, veikinda, sjúkdóma, sjúkrakostnaðar eða dauða sem starfsmenn verktaka verða fyrir og rekja má til framkvæmda. Þjófandi ber ábyrgð á að undirverktakar og starfsmannaleigur og starfsmenn þeirra hafi samskonar tryggingar

Hvenær sem er á samningstíma mun þjófandi geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmönnum séu uppfyllt. Þjófandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni verksins fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan 5 daga frá því ósk um slíkt er borin fram af verkkaupa getur verkkaupi rift verksamningi án frekari fyrirvara eða ákveðið að beita dagsektum sem nemur 0,1% af samningsupphæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að sannreyna upplýsingarnar.

Ofangreindu til stuðnings skal umsækjandi að lágmarki skila með umsókn sinni eftirfarandi gögnum samkvæmt formblaði A2:

- Árituðum ársreikningi fyrir rekstrarárin 2018 og 2019.
- Staðfestingu á að þjófandi sé í skilum með opinber gjöld.
- Staðfestingu á að þjófandi sé í skilum með lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði.
- Ef um hlutafélag er að ræða, skal fylgja tilboði útskrift úr hlutafélagaskrá um félagið.

Verkkaupi metur hvort fjárhagsleg gögn standist kröfur sem fram eru settar.

0.2.8 Almenn um lykilstarfsmenn á sviði hönnunar

Gerð er krafa um að þjófandi tilnefni lykilstarfsmenn á sviði hönnunar og stjórnunar.

Við hönnun verksins skal uppfylla kröfu byggingarreglugerðar um að löggiltir hönnuðir geri uppdrætti og greinargerðir hver á sínu sviði. Allir lykilstarfsmenn skulu hafa heimild ráðherra til að bera starfsheiti sitt ef um lögverndað starfsheiti er að ræða.

Gerð er krafa um að lykilstarfsmenn hafi sérfræðipekkingu á verkefni sem þessu, afli sér hennar eða kaupir sér ráðgjöf eftir því sem tilefni er til.

0.2.9 Verkefnisstjóri – Formblað A3

Gerð er krafa um að þjófandi skipi verkefnisstjóra. Verkefnisstjóri skal hafa menntun á háskólastigi.

Hann skal hafa fjölbreytta reynslu af mannvirkjagerð og verkefnastjórnun, þar á meðal minnst 5 ára samanlagða reynslu á síðustu 15 árum af verkefnisstjórnun sambærilegra verkefna. Verkefnisstjóri verður tengiliður ráðgjafahóps við verkkaupa og skal halda utan um og hafa góða yfirsýn yfir verkefnið allan verktímann.

0.2.10 Hönnunarstjóri – Formblað A4

Þjófandi skal tilnefna hönnunarstjóra sem ber ábyrgð á samræmingu aðaluppdráttar, séruppdráttar og annarra hönnunargagna.

Gerð er krafa um arkitekta- eða verkfræðimenntun. Lágmarksmenntun er MSc/MA gráða eða sambærilegt stig menntunar.

Hönnunarstjóri skal hafa á síðastliðnum 15 árum unnið 5 ár að hönnunarstjórn sambærilegra verkefna og búa yfir fjölbreyttri reynslu á þessu sviði. Gerð er krafa um

að hönnunarstjóri sé löggiltur hönnuður samkvæmt kröfum gildandi byggingarreglugerðar og að hann hafi heimild til að skila inn uppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Íslandi. Hann mun annast innra eftirlit ráðgjafa við hönnun mannvirkis og árita uppdrætti verkefnisins.

Hönnunarstjóri ber ábyrgð á atriðum sem snúa að BIM í verkefninu, gegna hlutverki BIM stjóra eða ráða sér aðstoð við það. Hlutverk BIM stjóra er m.a. að annast samskipti við BIM sérfræðing verkkaupa, gerð verkefnishandbókar, árekstragreiningar, að uppbygging líkana og kóðun sé rétt, að líkön séu uppfærð og að ávallt séu nýjustu líkön til staðar.

0.2.11 Arkitekt – Formblað A5

Gerð er krafa um arkitektamenntun, lágmarksmenntun er MSc/MA gráða eða sambærileg menntun og að viðkomandi hafi heimild til að skila inn uppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Íslandi.

Gerð er krafa um að viðkomandi hafi á síðastliðnum 15 árum unnið 5 ár að hönnun sambærilegra verkefna og búi yfir fjölbreyttri reynslu á þessu sviði.

0.2.12 Verkfræðihönnun, burðarvirki – Formblað A6

Gerð er krafa um menntun í byggingarverkfræði eða -tæknifræði. Lágmarksmenntun er BSc/BA gráða eða sambærileg menntun og að viðkomandi hafi heimild til að skila inn séruppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Íslandi.

Gerð er krafa um að viðkomandi hafi á síðastliðnum 15 árum unnið 5 ár að hönnun burðarvirkja fyrir sambærileg verk og búi yfir fjölbreyttri reynslu á þessu sviði.

0.2.13 Verkfræðihönnun, lagnir og loftræsikerfi – Formblað A7

Gerð er krafa um menntun í verk- eða tæknifræði á sviði lagna og loftræsingar (véla-). Lágmarksmenntun er BSc/BA gráða eða sambærileg menntun og að viðkomandi hafi heimild til að skila inn séruppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Íslandi.

Gerð er krafa um að viðkomandi hafi á síðastliðnum 15 árum unnið 5 ár að hönnun lagna og loftræsingar fyrir sambærileg verk og búi yfir fjölbreyttri reynslu á þessu sviði.

0.2.14 Verkfræðihönnun, rafkerfi – Formblað A8

Gerð er krafa um menntun í rafmagnsverkfræði eða –tæknifræði. Lágmarksmenntun er BSc/BA gráða eða sambærileg og að viðkomandi hafi heimild til að skila inn séruppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Íslandi.

Gerð er krafa um að viðkomandi hafi á síðastliðnum 15 árum unnið 5 ár að hönnun rafkerfa fyrir sambærileg verk og búi yfir fjölbreyttri reynslu á þessu sviði.

0.2.15 Verkfræðihönnun, lýsing – Formblað A9

Gerð er krafa um menntun í lýsingarhönnun eða rafmagnsverkfræði eða –tæknifræði. Lágmarksmenntun er BSc/BA gráða eða sambærileg.

Gerð er krafa um að viðkomandi hafi á síðastliðnum 15 árum unnið 5 ár að hönnun lýsingar fyrir sambærileg verk og búi yfir fjölbreyttri reynslu á þessu sviði.

0.2.16 Verkfræðihönnun, brunatæknileg hönnun – Formblað A10

Gerð er krafa um menntun í verkfræði eða tæknifræði. Lágmarksmenntun er BSc/BA gráða eða sambærileg.

Gerð er krafa um að viðkomandi hafi á síðastliðnum 15 árum unnið 5 ár að brunatæknilegri hönnun fyrir sambærileg verk og búi yfir fjölbreyttri reynslu á þessu sviði.

0.2.17 Verkfræðihönnun, hljóðvistarhönnun – Formblað A11

Gerð er krafa um menntun í verkfræði eða tæknifræði á sviði hljóðvistarhönnunar. Lágmarks-menntun er BSc/BA gráða eða sambærileg.

Gerð er krafa um að viðkomandi hafi á síðastliðnum 15 árum unnið 5 ár að hljóðhönnun í sambærilegum verkum og búi yfir fjölbreyttri reynslu á þessu sviði.

0.2.18 Verkfræðihönnun, jarðtækni – Formblað A12

Gerð er krafa um menntun í verkfræði eða tæknifræði á sviði jarðtækni. Lágmarks-menntun er BSc/BA gráða eða sambærileg.

Gerð er krafa um að viðkomandi hafi á síðastliðnum 15 árum unnið 5 ár að jarðtæknihönnun í sambærilegum verkum og búi yfir fjölbreyttri reynslu á þessu sviði.

0.2.19 Kostnaðarráðgjafi – Formblað A13

Gerð er krafa um verkfræðipróf eða sambærilega menntun. Lágmarksmenntun er BSc/BA gráða eða sambærileg.

Gerð er krafa um að viðkomandi hafi mikla reynslu af gerð kostnaðaráætlana og eftirfylgni með þeim fyrir sambærilegar byggingar síðustu 5 ár. Viðkomandi skal hafa reynslu við gerð lífsferilskostnaðargreininga, LCC.

0.3 TILBOÐ**0.3.1 Gerð og frágangur tilboðs**

Tilboð skal gera í verkið í heild eins og því er lýst í útboðsgögnum. Tilboð skal gera á meðfylgjandi tilboðsblað, sem fylla ber út eins og texti þess segir til um. Öll sundurliðun skal sýna eðlilega kostnaðarskiptingu.

Óski bjóðendur að sundurliða liði á tilboðsblaði / tilboðsskrá nánar en gert er í útboðsgögnum er það heimilt á sérblaði til upplýsingar fyrir verkkaupa, enda breyti það ekki forsendum tilboðsblaðsins og sé einungis sem fylgiblað með rétt útfylltu tilboðsblaði.

0.3.2 Fylgigögn með tilboði

Bjóðendur skulu skila inn með tilboði sínu öllum umbeðnum gögnum. Sé það ekki gert eiga bjóðendur á hættu að tilboð verði dæmd ógild.

- Allar upplýsingar um bjóðanda og ráðgjafa hans sbr. formblöð A1 – A13
- Verðtilboð bjóðanda samkvæmt tilboðsblaði.

0.3.3 Auðkenni tilboðs

Skila skal inn tilboði ásamt öllum formblöðum (útfylltum og skönnuðum) og viðeigandi fylgiskjólum í útbioðskerfinu TendSign. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem kemur fram í útbioðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað inn tilboði. Ef enginn póstur berst hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til þjónustuaðila TendSign án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilbið berist á réttum tíma.

Skjöl sem skilað er inn skulu vera dagsett og undirrituð af bjóðanda eða öðrum eftir því sem við á.

Tilboð skal merkja og afhenda sem hér segir:

Hafnarfjarðarbær
Reiðhöll Sörla – nýbygging 2020

Tilboð í hönnun

„Nafn bjóðanda“

Verkkaupi áskilur sér rétt til að vísa frá þeim tilboðum sem ekki eru sett fram á meðfylgjandi formlöðum með fullnægjandi merkingu.

0.3.4 Skilafrestur og opnun tilboða

Tilboð skulu hafa borist í hinu rafræna útboðskerfi, eigi síðar en á þeim tíma sem getið er um í kafla 0.1.3 Útboðsform – útboðsyfirlit.

Öll tilboð sem berast fyrir tilsettan tíma verða opnuð í rafræna útboðskerfinu og nöfn þátttakenda birt þátttakendum með skýrslu sem verður send í tölvupósti eftir opnun.

Þar sem um er að ræða rafrænt útboð verður ekki haldinn eiginlegur opnunarfundur þar sem bjóðendur geta verið viðstaddir. Ekki er tekið við tilboðum eftir að tilboðsfresti lýkur.

0.3.5 Meðferð og mat á tilboðum

Verkkaupi fer yfir innsend gögn og ber þau saman við kröfur útboðsgagna og úrskurðar hvaða bjóðendur teljist hæfir samkvæmt skilgreindum kröfum.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að láta minni háttar vöntun eða minni háttar annmarka á formi gagna ekki hafa áhrif á gildi þeirra, enda hafi vöntunin eða annmarkinn að mati verkkaupa ekki áhrif á niðurstöðu tilboð, jafnræði aðila sé ekki raskað og ógilding fæli í sér strangari ákvörðun en nauðsynlegt væri vegna eðlis og umfangs annmarkans. Þá áskilur verkkaupi sér rétt til að óska eftir frekari gögnum frá bjóðendum telji hann skort á upplýsingum stafa af augljósnum mistökum eða misskilningi.

Eftir að verðtilboð hafa verið opnuð og bjóðendum tilkynnt um niðurstöðu útboðsins, þá mun hann að liðnum tilskyldum fresti tilkynna þeim bjóðanda sem á hagstæðasta tilboðið að uppfylltum hæfisskilyrðum, að óskað sé eftir að ganga til samninga við hann. Miðað er við heildartilboðsfjárhæð við mat á tilboði, óháð því hvernig hún er samsett.

Ef margföldunar- og/eða samlagningarskekkjur finnast í tilboðsskrá skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs, en einingarverð er bindandi fyrir bjóðendur. Einingarverð er einnig bindandi innan eðlilegra marka gagnvart þeim magnaukningum og aukaverkum sem bjóðandi kann að verða beðinn um að framkvæma.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum sem eru yfir kostnaðaráætlun verkkaupa.

0.3.6 Tilboðstrygging – Gildistími tilboðs

Gildistími tilboða eru 6 vikur. Með undirritun á framlögðu tilboði sínu skuldbindur bjóðandi sig til að standa við tilboðið í 6 vikur frá opnun tilboða.

0.3.7 Þóknun fyrir gerð tilboðs

Ekki er greitt fyrir þátttöku í þessu útboði.

0.4 GREIÐSLUR - VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR

0.4.1 Greiðslur, magntölur og reikningsskil

Um greiðslur og reikningsskil vísast almennt til greinar 5.1 í ÍST 30:2012.

Reikningar skulu lagðir fram einu sinni í mánuði. Þar skulu greiðsluliðir reikningsfærðir eftir framvindu verksins og skilmerkilega skal koma fram hvaða liði er verið að

innheimta hverju sinni. Á forhönnunarstígi skal leggja fram tímaskýrslur til samþykktar verkkaupa áður en framvindureikningur er gefinn út.

Með hverjum reikningi skal skila yfirliti yfir greiðslustöðu hvers greiðsluliðar í tilboðsskrá. Þetta yfirlit skal sett upp í samráði við verkkaupa og við reikningagerð skal haft samráð við hann um mat á greiðsluhlutfalli til að fyrirbyggja að leiðréttingar teyji reikninga.

Greiðsla á framvindureikningi innifelur ekki í sér endanlegt samþykki á uppgjöri verkiðs.

Verkkaupi mun ekki taka geymslufé af reikningum fyrir verkið. Verkkaupi mun ekki inna af hendi neinar greiðslur fyrr en verksamningur hefur verið undirritaður.

Gerðir skulu sérstakir reikningar vegna aukaverka og viðbótarverka og þeim fylgi greinargerð um verkið á eyðublöðum sem verkkaupi afhendir og útreikningur þeirra magntalna sem reikningurinn byggist á.

Verkkaupi áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við samþykki á reikningi nema að um annað hafi sérstaklega verið samið.

Virðisaukaskatt skal tilgreina sérstaklega á reikningum.

0.4.2 Verðlagsgrundvöllur

Samningsbundnar greiðslur skulu breytast, til hækkunar eða lækkunar, í hverjum mánuði í hlutfalli við breytingu á launavísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir samkvæmt lögum nr. 42/1987.

Grunnvísitala samningsupphæðar er launavísitala sem Hagstofa Íslands reiknar og gildir fyrir þann mánuð sem verðtilboð er opnað í.

Ekki skal reikna með línulegri breytingu á vísitölunni, heldur skal vísitala hvers mánaðar gilda fyrir mánuðinn allan hverju sinni.

Verðbreytingar skal miða við útgáfumánuð reiknings. Tafabætur (dagsektir) verðbætast á sama hátt.

0.4.3 Fyrirframgreiðsla

Verkkaupi innir ekki af hendi fyrirframgreiðslu í þessu verki.

0.4.4 Aukaverk, viðbótarverk

Ráðgjafi má engin aukaverk eða viðbótarverk vinna nema samkvæmt skýlausum fyrirmælum verkkaupa. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar.

0.4.5 Frestir – Tafabætur (dagsektir)

Ráðgjafi skal ljúka fullnaðarhönnun og gerð útboðsgagna á tilskildum tíma samkvæmt grein 0.1.3. Dragist verklok fram yfir umsaminn skiladag skal ráðgjafi greiða verkkaupa tafabætur sem nema 0,1% af samningsfjárhæð fyrir hvern almanaksdag sem dregst að verkinu sé að fullu lokið, þ.e. útboðsgögn fullbúin.

Verkkaupi þarf ekki að sanna tjón sitt sem tafir kunna að valda honum.

Telji ráðgjafi sig eiga rétt á framlengingu skilafrests þá skal hann strax skýra frá því og um leið leggja fram nauðsynleg gögn er sanni réttmæti framlengingarinnar, sbr. grein 5.2 í ÍST 30:2012.

0.4.6 Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur milli verkkaupa og ráðgjafa um verk það, sem lýsing þessi fjallar um, skal honum vísað til Héraðsdóms Reykjaness. Kostnaður við aðgerðir samkvæmt grein þessari skal ákveðinn af dóminum sjálfum svo og hver skuli greiða þann

kostnað. Sé ágreiningurinn að mestu eða öllu leyti tæknilegs eðlis má með samþykki beggja aðila vísa málinu til Gerðardóms VFÍ til fullnaðarúrskurðar.

Verði ágreiningur milli ráðgjafa og verkkaupa um skilning á útboðsgögnum skal ráðgjafi þó eigi að síður framkvæma verkið skv. fyrirælum verkkaupa samanber grein 6.3 í ÍST 30:2012. Rísi ágreiningur um mál þetta skal honum skotið til Héraðsdóms Reykjaness.

1. VERKLÝSING

1.1 VERKEFNI RÁÐGJAFI

1.1.0 Yfirlit

Öll hönnun, efni og frágangur byggingar skal fullnægja gildandi lögum, reglugerðum og stöðlum eftir því sem við getur átt. Þar sem íslenskum stöðlum sleppir skal eftir föngum leita forsagnar EN/ISO/IEC staðla, þó þannig að fulls samræmis sé gætt við íslenskar forsendur

Lögð er áhersla á að byggingin verði vönduð, hagkvæm í byggingu og hagstæð í rekstri. Miða skal við að byggingin verði einangruð og klædd að utan með sterku viðhaldslitlu efni og að gluggar og hurðir verði vandaðir og viðhaldslitlir.

Hönnun skal vera samkvæmt hugmyndafræði algildrar hönnunar, hönnun fyrir alla- aðgengi fyrir alla. Í því felst að hanna góðar lausnir með jafnrétti og vellíðan alls fólks í fyrirúmi. Gerðar eru kröfur til byggingarlistar og hönnunar í viðum skilningi.

Ráðgjafi skal gera ráð fyrir að þurfa að setja sig vel inn í sterfsemi reiðhalla og alls þess búnaðar sem þar er notaður. Hann skal veita verkkaupa faglega ráðgjöf um hvað er nýjast að gerast í hönnun slíkara bygginga.

Horft verður til líftíma byggingarinnar með það að markmiði að tryggja notagildi hennar til framtíðar og að halda rekstrarkostnaði í lágmarki. Við hönnun skal tryggja góða innivist byggingarinnar þar sem að notendur geta aðlagð rými eftir þörfum á hverjum tíma.

1.1.1 Hönnunarstig

Hönnun er skipt í tvo áfanga, forhönnun og fullnaðarhönnun.

Í forhönnun felst að gera frumdrög, tæknilega greinargerð um verkefnið og kostnaðaráætlun I. Ráðgjafi skal reikna með miklu samstarfi við verkkaupa við forhönnun og miða við að hann leggi frumdrög fyrir verkkaupa til umsagnar í nokkrum áföngum, þar til verkefnið er mótað og samþykkt af verkkaupa. Forhönnunarskýrsla (tæknileg greinargerð um verkefnið) skal gefin út í einu hefti þar sem tekið er á öllum fagsviðum hönnunar og skal hún vera samræmd, rýnd og árituð af ábyrgðarmönnum hönnunar í samræmi við gæðastjórnunarkerfi ráðgjafa.

Fullnaðarhönnun kemur í framhaldi og felst í að gera séruppdrætti, verkeikningar og útboðsgögn. Fullnaðarhönnun telst ekki lokið fyrir en allir uppdrættir, útboðs- og verklýsingar, líkön, magnskrár og kostnaðaráætlun hefur verið samræmd, rýnd og árituð af ábyrgðarmönnum hönnunar. Þá skulu einnig allir uppdrættir og önnur áskilin gögn vegna leyfisveitinga hafa verið samþykkt af byggingafulltrúa.

1.1.2 Arkitektahönnun

Forhönnun arkitekta felur í sér að rýna húsrýmisáætlun og að vinna frumdrög í samstarfi við verkkaupa, grunnmyndir, útlit og snið þannig að allar meginlínur séu lagðar og helsta efnisval hefur verið ákveðið. Gera skal grein fyrir forhönnun í greinargerð ásamt kostnaðaráætlun I.

Með fullnaðarhönnun er átt við gerð aðaluppdráttar og allra séruppdráttar, verklýsingar, líkans, magnskrár og kostnaðaráætlunar fyrir viðkomandi verkhluta. Þar með er talið allar fastar innréttingar, búnaður, efnisval, litaval og annað sem þarf til að fullgera bygginguna tilbúna til notkunar. Val á gólfefnum skal miða að því að efnið sé ákjósanlegt fyrir reiðhöll.

1.1.4 Verkfræðihönnun

Verkfræðihönnun innifelur fullnaðarhönnun burðarvirkja, lagna- og loftræsikerfa, rafkerfa, lýsingar, brunahönnunar og hljóðhönnunar.

Forhönnun verkfræðinga miðast að veita arkitekt ráðgjöf við forhönnun, að leggja línur og ákveða burðarkerfi hússins, að skilgreina og ákveða öll tækniakerfi, tæknirými og lagnaleiðir, að vinna byggingarlýsingu með arkitekt, ákveða tengingar við öll veitukerfi, meta aðstæður á lóð m.t.t. grundunar og annarra aðstæðna, gera tillögur ef þörf er á frekari rannsóknum á vettvangi, leggja valkosti fyrir verkkaupa til ákvörðunar og að lokum er gerð skýrsla um forhönnun sem lýsir helstu lausnum og gæðastigi, ásamt kostnaðaráætlun l.

Fullnaðarhönnun er gerð viðeigandi uppdráttu og frekari greinargerða í því umfangi sem nauðsynlegt er, gerð verklýsinga og magnskrár og kostnaðaráætlana.

a) Álagsforsendur burðarvirkja.

Vind-, snjó- og notaálag: Álagsforsendur séu í samræmi við íslenska staðla.

Eftirfarandi staðlar með viðaukum og breytingum eru lagðir til grundvallar. Með Eurocode stöðlum eru notaðir íslenskir þjóðarviðaukar, ÍST EN NA:2010 (Þjóðarviðaukar við Eurocodes).

Hönnunargrunnur:

Eurocode 0: Basic of structural design

ÍST EN 1990:2002/NA:2011

Álagsforsendur:

Eurocode 1: Actions on structures

ÍST EN 1991-1-1:2002/NA:2010

ÍST EN 1991-1-2:2002/NA:2010

ÍST EN 1991-1-3:2003/NA:2010

ÍST EN 1991-1-4:2005/NA:2010

Steinsteypuvirki:

Eurocode 2: Design of concrete structures

ÍST EN 1992-1-1:2004/NA:2010

ÍST EN 206:2013+A1:2016

Timburvirki:

Eurocode 5: Design of timber structures:

ÍST EN 1995-1-1:2004/NA:2010

Stálvirki:

Eurocode 3: Design of steel structures:

ÍST EN 1993-1-1:2005/NA:2010

Jarðvinna:

Eurocode 7: Geotechnical design:

ÍST EN 1997-1:2004/NA:2010

Jarðskjálfti:

Eurocode 8: Design of structures for earthquake resistance :

ÍST EN 1998-1:2004/NA:2010

Brunaálag: Brunatæknileg hönnun skal vera í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar og ÍST EN 54 og reglur Mannvirkjastofnunar.

Allt efni skal þannig valið að ekki myndist eiturgufur við bruna.

Brunahönnun mannvirkisins og kerfa þess skal framkvæmd af viðurkenndum brunahönnunar sérfræðingi. Niðurstöður skulu bæði koma fram í greinargerð og teikningum.

b) Burðarvirki

Gerð er sú krafa að við hönnun að verkið vinni reyndur hönnuður með víðtæka reynslu á þessu sviði og af mannvirkjum eins og hér um ræðir.

Innifalið í tilboði ráðgjafa er öll hönnun burðarvirkja, þar með talin hönnun og gerð verkeikninga fyrir stálramma hússins.

Hönnuður skal hanna, bera ábyrgð á allri hönnun með undirritun uppdráttu og leggur samræmda uppdrætti inn til byggingaryfirvalda.

Styðjast skal við helstu staðla og reglugerðir, sem á við um burðarþolshönnun bygginga og annarra mannvirkja og eru til viðbótar og notkunar með þeim stöðlum sem tilteknir eru í byggingarreglugerð.

Burðarþolshönnuður veitir öðrum innan hönnunarhópsins ráðgjöf um festingar búnaðar og tækja sem tilheyra innri og ytri frágangi.

c) LagnirFrárennislagnir

Hönnun og frágangur kerfa skal vera í samræmi við ÍST 68 DS 432:20009. Hönnunargildi úrkomu skal miða við úrkomukort fyrir Vífilsstaði 74 l/s ha. Allt efni skal vera að vönduðustu gerð.

Tvöfalt kerfi skal vera þ.e. kerfi fyrir regnvatn og skólþ skulu vera aðskilin. Leggja skal þerrilagnir þar sem nauðsyn krefur. Tryggja skal að frárennislagnir í jörðu þoli þann þrýsting sem þær verða fyrir.

Þar sem frárennislagnir innanhúss liggja um rými með hljóðvistarkröfur skal tryggja góða hljóðeinangrun frá pípum með réttu efnisvali og einangrun.

Fituskilja skal vera á frárennsli frá eldhúsi, frárennsli frá eldhúsi skal vera úr pottlögnum að fituskilju. Hanna skal skiljuna í samræmi við ÍST EN 1825.

Neysluvatnslagnir

Hönnun neysluvatnskerfa skal vera í samræmi við ÍST 67 DS 439:2009. Öll einangrun og rakavörn utan um lagnir skal vera vönduð og áferðafalleg. Dreifilagnir skulu hannaðar þannig að unnt sé að loka fyrir afmörkuð svæði án þess að loka fyrir stofnlögn.

Allt heitt neysluvatn skal vera upphitað kalt vatn, sem hitað er upp með millihitum. Til að koma í veg fyrir hermannaveiki verður hiti á heitu vatni í neysluvatnslögn, þar sem vatnið er að jafnaði ekki á hreyfingu, ekki undir 60°C og hiti þess almennt ekki vera lægri en 65°C í stofnlögnum eins og kveðið er á um í grein 14.5.10 BR2012. Þetta er gert með hringrásarlögnum sem einnig stytta biðtíma eftir heitu vatni.

Allar neysluvatnslagnir í tæknirými og á svæðum skal einangra. Neysluvatnslagnir skulu þola 70°C og 10 bar. Lagnir skulu vera vottaðar.

Takmarka skal hámarkshitastig neysluvatns á töppunarstöðum við 43°C.

Brunaslöngur

Brunaslöngur eru staðsettar samkvæmt forskrift brunahönnuðar. Lagnir fyrir brunaslöngur eru eingöngu notaðar fyrir þær og eru úr stáli. Til að koma í veg fyrir bakstreymi vatns frá brunaslöngum vegna hættu á mengun skal komið fyrir búnaði samkvæmt staðlinum EN1717.

Hitakerfi

Hitakerfi skulu hönnuð skv. IST 66 DS 418:2016, ÍST EN12828:2012, og IST EN 1264-1,2,3,4:1997 og 2009 fylgja skal öllum stöðlum og reglum sem kveðið er á um í byggingarreglugerð við kerfisuppbyggingu og hönnun hitakerfa.

Hönnun og frágangur kerfa skal vera þannig að unnt verði að tryggja góða varmavist í öllum rýmum og mögulega gólfhiti í hliðarrýmum. Afköstum hitakerfa

skal stjórnað eftir innihita í hverju rými. Varmapörf skal reikna með hliðsjón af staðli.

Snjóbræðsla

Hönnun snjóbræðslukerfis er í samræmi við Rb blað nr. 075 og 076. Hanna skal fyrir afköst >150 W/m². Snjóbræðslulagnir skulu vera úr hitapolnum plastpípum að viðurkenndri gerð. Snjóbræðslukerfi skulu vera lokuð og hönnuð fyrir frostlög. Flatarmál snjóbræðslu skal miða við 5 m svæði út frá byggingunni.

Þrifatæki

Allt postulín skal vera 1. flokks hvítt að lit og allt frá sama framleiðanda. Tengistykki fyrir hreinlætistæki utan veggja skulu vera krómuð. Blöndunartæki skulu vera að vandaðri gerð og öll frá sama framleiðanda.

Ræstivaskar skulu vera vegghengdir stálvaskar.

Gólfniðurföll skulu vera frá sama framleiðanda. Öll gólfniðurföll skulu vera annað hvort gegnumstreymisniðurföll eða gólfniðurföll með lyktarlokum með gormi.

d) Loftræsikerfi

Fylgja skal öllum stöðlum og reglum sem kveðið er á um í byggingarreglugerð við kerfisuppbyggingu og hönnun loftræsikerfa.

Loftræsingin getur verið vélræn, náttúruleg eða blanda af hvoru tveggja. Tryggja skal að kröfur byggingarreglugerðar um gæði lofts og þægilega varmvist séu uppfylltar. Hafa skal í huga að koma þarf í veg fyrir að lykt berist frá reiðhöll yfir í hliðarrými.

Brunatæknilegar lausnir í loftræsikerfum skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð og niðurstöður brunahönnunar.

e) Vatnsúðakerfi

Sé gerð krafa um vatnsúðakerfi, skulu slík kerfi verða hönnuð í samræmi við ÍST EN 12845:2015.

f) Vökvunarkerfi

Gera skal ráð fyrir vökvun á reiðvallargólfi. Kerfið skal vera hannað sérstaklega fyrir reiðhöll til þess að rykbinda gólfíð og það skal tryggja betri loftgæði í reiðhöllinni. Kerfið skal vera tölvustýrt og vera mögulegt að timastilla vökvun, hvort vökva eigi allt gólfíð eða bara hluta þess og hversu mikið á að vökva.

g) Stýrikerfi

Gerð verður krafa um að stjórnbúnaður kerfa sé með TCP/IP viðmóti þannig að stillingar og álestur sé mögulegur með netvafra (MS Internet Explorer sem viðmið) frá einmenningstölvu tengdri staðarneti byggingarinnar.

Í stjórnbúnaðinum skal því vera innbyggður hugbúnaður sem gefur möguleika á stillingum og aflestri kerfa á þennan hátt. Þá er og gert ráð fyrir að hugbúnaðurinn geti sent frá sér umbeðin mæligildi til söfnunar á skýi eða öðrum miðlægum búnaði.

Stjórnbúnaður skal einnig hafa innbyggða stillimöguleika fyrir sjálfvirka sendingu þjónustu- og bilanaboða til aðila á tæknivakt hjá eiganda húsnæðis.

h) Tæknirými

Tæknirýmum skal komið fyrir þar sem henta þykir. Gott aðgengi skal vera að tæknirými utanfrá.

i) Hljóðvist

Samhliða forhönnun skal unnin greinargerð sem gerir grein fyrir kröfum og markmiðum varðandi hljóðvist í einstökum hlutum byggingarinnar.

Lofthljóðeinangrun, högghljóðeinangrun, ómtími, og hljóðstig innanhúss frá tæknibúnaði skal allt fullnægja kröfum samkvæmt byggingarreglugerð, nema auknar kröfur komi fram í útboðsgögnum. Viðurkenndur hljóðtækniráðgjafi skal koma að allri hönnun vegna hljóðvistar.

j) Rafkerfi

Séð skal fyrir nægjanlegum lagnaleiðum fyrir raflagnir, bæði lágspennu- og smáspennulögnum. Gera skal ráð fyrir að leggja sveigjanlegt kerfi fyrir lagnaleiðir þannig að breytingar séu auðveldar og miða við 30% aukarými í lagnaleiðum og í töfluskápum til að mæta framtíðarþörfum. Gert skal ráð fyrir að allar meginlagnir liggja á strengjastigum fyrir ofan niðurtekin loft eða undir ófrágengnum loftum, allt eftir aðstæðum. Allar lagnaleiðir skulu vera aðgengilegar.

Lágspennukerfi: Gera skal ráð fyrir nægjanlegum fjölda almennra raftengla 230 V, sem þjónað geta starfseminni í hverju rými fyrir sig. Viðbótartenglar á göngum skulu vera með um 12 m millibili. Í vinnurýmum skulu vera 3 tenglar fyrir hverja starfstöð fyrir utan 1 tengil fyrir þrif. Í öðrum rýmum skal fjöldi tengla ákvarðast af þeim búnaði sem komið verður fyrir í rýmum og þar fyrir utan skal koma fyrir raftenglum til almennra nota, miða skal við að aldrei verði lengra en 12 m í næsta tengil.

Gera skal ráð fyrir nægjanlegum stofnlögnum og kvíslum þannig að starfsemi geti tekið þeim breytingum sem fyrirsjáanlegar eru í framtíðinni. Þannig skal gera ráð fyrir að raffæða allan þann rafbúnað sem eðlilegt þykir að hafa í starfsemi af þessu tagi s.s. loftræsikerfum, snjóbræðslukerfi, hitakerfi og fleiri kerfum.

Byggingin skal vera vel spennujöfnuð og skal einungis núllað á einum stað, í aðaltöflu. Ekki skal nota PEN-leiðara utan aðaltöflu. Jarðbindingar og spennujöfnun skal miða að því að hafa rafsegulsvið sem minnst.

Raflýsing: Lýsing skal uppfylla almennar kröfur skv. staðli ÍST EN 12464-1:2011 og viðeigandi sérkröfur sbr. birtutöflur. Lýsing í reiðskemmu skal ákvörðuð í samvinnu við verkkaupa og með könnun á lýsingu í sambærilegum húsum og reynslu þaðan.

Lýsingarhönnuður vinni náið með arkitektum um lýsingu mannvirkis og lóðar. Nýta skal áhrif dagsbirtu við hönnun lýsingar til að auka gæði hennar og til orkusparnaðar.

Nota skal lampa og búnað sem nýtir vel raforku, ljósnýtni sé góð og rekstur hagkvæmur (LED). Almennt skal miða við 4.000 K litarhitastig.

Út- og neyðarlýsing skal vera í samræmi við gildandi lögboðin ákvæði. Hún skal einnig taka mið af brunahönnun byggingarinnar.

Lýsing skal vera utan við alla innganga. Lóð skal búin hæfilegri og vandaðri útlýsingu.

Ljósastýring: Lagt skal upp með að stýring lýsingar verði með Dali kerfi. Í tæknirýmum, geymslum, ræstiklefum og snyrtingum verði þó notast við viðveruskynjara til að kveikja og slökkva lýsingu. Lýsing á göngum og opnum svæðum verði stýrt miðlægt. Ljósarofar verði á hverjum notkunarstað utan ganga og opinna svæða sem verður stýrt miðlægt. Einnig verði miðlægt hægt að slökkva öll ljós eða setja lýsingu í næturstöðu.

Við boð frá innbrotaviðvörðunarkerfi og/eða brunaviðvörðunarkerfi kvikna tiltekin ljós í reiðhöllinni.

Rafmagnstæki: Öll rafmagnstæki skulu vera af vandaðri gerð og miðast við þá starfsemi sem þau eru ætluð fyrir. Hönnuðir skulu fyrirskrifa tæki til útboðs í samráði við verkkaupa.

Lyfta: Lyfta skal uppfylla kröfur viðeiganda reglugerðar og þjóna þeirri notkun sem henni er ætluð. Lokun lyftu skal miðast við að ekki sé lokað á hægfare fólk. Aðgengi að lyftu skal vera læsanlegt og stýrt með aðgangskorti eða sambærilegu sem er samhæft og stýrt með aðgangsstýringarkerfi reiðhallarinnar.

Lyfta skal vera gerð fyrir 1.000 kg. Hraði á lyftustól skal ekki vera minni en 1,0 m/sek.

Fjölnota strengkerfi: Setja skal upp fjölnota strengkerfi (Ethernet) fyrir gagnaflutningskerfi og annan búnað. Megin kjarnar byggingarinnar verði tengdir með ljósleiðarastrengjum. Forhönnun geri nánari grein fyrir uppbyggingu kerfis og flokkun þess.

Þráðlaus tölvusamskipti: Setja skal upp lagnir fyrir þráðlaus tölvusamskipti. Gera skal ráð fyrir að fyrir að byggingin sé dekkuð með þráðlausu staðarneti með PoE sendum.

Brunaviðvörðunarkerfi: Setja skal upp sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi í samræmi við reglur og lýsingu brunahönnuðar. Tengja skal kerfið við viðurkennda vaktstöð.

Hljóð- og myndkerfi: Hönnuðir rafkerfa skulu gera tillögu að uppbyggingu hljóðkerfis í reiðhöll og hljóð- og myndkerfum í veitingasal og stærri fundarherbergjum. Gera skal ráð fyrir lagnaleiðum og tengistöðum vegna hljóð- og myndkerfi í samræmi við samþykktar tillögur. Hljóðkerfi þarf að geta nýst við útikeppnir frá dómarastúku líka.

Eftirlitsmyndavélar: Setja skal upp fullkomið myndavélaeftirlitskerfi í lit. Myndavélar skulu vakta alla innganga, setustofur, ganga, aðkomur og bílastæði og aðra staði sem nauðsynlegt telst að vakta, til að tryggja allt öryggi að mati verkkaupa. Móðurstöð og skjáir skulu staðsettir á völdum stað, stafrænt upptökutæki skal fylgja stöðinni.

Upplýsingakerfi: Meta skal þarfir með verkkaupa og gera tillögur í samræmi við niðurstöðu.

Innbrotaviðvörðunarkerfi: Setja skal upp viðurkennt öryggiskerfi frá vottuðum framleiðenda. Öryggiskerfið skal sjá um vöktun á innbrotum í bygginguna sem og vöktun á öðrum mögulegum skemmdum s.s. vatnsleka, rúðubrotum o.s.frv.

Innbrotaviðvörðunarkerfið skal vera samhæft aðgangskortakerfinu.

Aðgangskortakerfi: Setja skal upp í fullkomið rafrænt aðgangskortakerfi, vegna mismunandi aðgangsheimilda. Slíkt aðgangskortakerfi verður hluti öryggiskerfis/innbrotaviðvörðunarkerfis og samræmt því.

Í hurðayfirliti skal tilgreina hvaða hurðir það eru sem eru tengdar aðgangsstýringu og þá hvaða hurðabúnaði eða nemum hjá þeim.

- k) Reiðvallargólf: Hanna skal reiðvallargólf í samræmi við kröfur sem gerðar eru til slíkra gólfa. Ráðgjafi skal kynna sér vel það sem best gerist við útfærslu reiðvallargólfa í dag og leggja fram valkosti fyrir verkkaupa. Hönnun skal taka til m.a. hæðarsetningu á endanlegu yfirborði, uppbyggingu gólfs, efnisval burðarefna og yfirborðsefna, stoðveggja og öryggisgirðingar.

1.1.5 Útboðsgögn

Ráðgjafi skal gera útboðsgögn fyrir heildarframkvæmdina. Miðað er við að verkið verði boðið út í tveimur áföngum, reiðhöll og fyrsti áfangi tengibyggingar og síðan 2. áfangi tengibyggingar. Til útboðgagna teljast útboðslýsing, verklýsingar og tilboðsskrár ásamt tilheyrandi uppdráttum. Innifalið í gerð útboðsgagna er ritstýring og samræming gagna, aðstöðusköpun, byggingargirðing, merkingar á verkstað, öryggismál o.fl. sem telst vera hluti vandaðra útboðsgagna.

1.1.6 Kostnaðaráætlun

Ráðgjafi skal gera kostnaðaráætlun vegna framkvæmdar, fyrst við lok forhönnunar og síðan við lok fullnaðarhönnunar og þá samkvæmt endanlegri magnskrá. Við gerð fullnaðarhönnunar skal þess gætt að kostnaður fari ekki fram úr áætlun forhönnunar.

1.1.7 Ráðgjöf á byggingartíma

Innifalið í tilboði ráðgjafa í hönnun er að svara fyrirspurnum um hönnunargögn á byggingartíma og gera nauðsynlegar leiðréttingar ef þess er þörf. Önnur ráðgjöf á byggingartíma sem verkkaupi kann að óska eftir, svo sem umsögn um efnisval, seta á fundum, úttektir o.fl. verður greidd sérstaklega.

1.1.8 Reyndarteikningar, breytingar og leiðréttingar

Ráðgjafi annast gerð reyndarteikninga ef umfang breytinga kallar á þá vinnu. Miða skal við að þessi vinna sé í lágmarki og að ætíð sé unnið á verkstað samkvæmt gildandi uppdráttum. Samið verður um greiðslur vegna reyndarteikninga áður en vinna við þær hefst.

Ef verkkaupi óskar að breyta hönnun, skal sú ósk koma með formlegum hætti og samið um greiðslu til ráðgjafa áður en vinna hefst.

Ef til kemur að þurfi að leiðrétta teikningar eða önnur gögn, skal ráðgjafi gera það á sinn kostnað.

1.1.9 Samskipti og skipulag

Ráðgjafi skal hafa náð samráð og samstarf við verkkaupa með alla hönnun svo tryggt sé að hún verði í samræmi við ætlun verkkaupans. Ráðgjafi skal leggja fram ýtarlega verkáætlun sem er innan tímaramma hönnunar, sbr. kafla 0.1.3 Útboðsform – útboðsyfirlit. Verkkaupi skal hafa aðgang að hönnunargögnum, þannig að hann geti lagt óháð mat á stöðu hönnunar.

Áhersla er lögð á mikið og gott samstarf við ráðgjafa við gerð frumdraga og forhönnunar, þar sem helstu ákvarðanir um bygginguna eru teknar.

Ráðgjafi sér um að koma árituðum teikningum til byggingarfulltrúa og gengur eftir að þær verði samþykktar. Ráðgjafi skal tilkynna til verkkaupa þegar nýjar teikningar liggja fyrir samþykktar hjá byggingarfulltrúa, en verkkaupi sækir þær þangað.

Ráðgjafi annast öll samskipti við viðeigandi stofnanir sem lúta að verkþáttum ráðgjafa og ber ábyrgð á verki sínu gagnvart þeim. Hann skal og afla samþykkis viðeigandi stofnana á sínum verkhluta. Þá skal ráðgjafi eiga samskipti við verkkaupa, aðra hönnuði og byggingaryfirvöld að því marki er lítur að samþykki gagna hans.

Ráðgjafi skal sitja hönnunarfundi, en verkkaupi mun boða til hönnunarfunda og rita fundargerðir þeirra.

1.1.10 Upplýsingalíkan mannvirkis (BIM)

Verkefnið skal unnið eftir aðferðafræði BIM á öllum stigum verkefnisins. Í lok verkefnis er gert ráð fyrir að reyndarlíkön af mannvirkinu liggi fyrir sem nýtist við gerð gagna fyrir rekstrarkerfi.

Vinna skal upplýsingalíkön fyrir öll fagsvið sem þetta útboð nær til. Upplýsingalíkön þurfa að vera byggð upp þannig að eftirfarandi BIM aðgerðir sé hægt að framkvæma:

Í hönnun:

- Árekstrargreining
- Magntaka
- Sjónræn rýni

Í verklegri framkvæmd:

- Magntaka
- Samræming og sjónræn áhrif

Nota skal flokkunarkerfið CCS/CCI í öllum líkönum.

Öllum líkönum skal skila á opnu skráarsniði, IFC, ásamt frumskrá til verkkaupa. Óski verkkaupi eftir uppfærðum IFC líkönum á hönnunartíma skal afhenda honum þau án tafar.

Hönnuður skal leggja fram verkefnishandbók sem lýsir BIM ferli verkefnisins, þ.m.t. þróunarstig líkana á mismunandi hönnunarstigi fyrir undirskrift ráðgjafasamnings. Almennt skulu líkön vera í að minnsta kosti LOD 300 (BIM Forum LOD Specification 2020, <https://bimforum.org/lo300/>). Umsjónarmaður verkkaupa aðstoðar við gerð handbókar og samþykkir verkefnishandbók.

Eftirfarandi kröfur eru gerðar til byggingarluta í líkani:

Upplýsingar um byggingarluta
Flokkunarkerfi
Rétt töl skal notað
Lýsandi nafn
Á réttri hæð
Berandi/ ekki berandi
Inni/Úti (Function)
Rétt efni samkv. tilboðsskrá
Hljóðkrafa
Brunakrafa
U-gildi

1.1.11 Verkefnisvefur

Hönnuðir skulu útvega og kosta verkefnisvef fyrir vistun og útgáfu hönnunargagna. Umsjón verkefnisvefs skal vera í höndum hönnuða. Hönnuðir skulu halda verkefnisvef opnum fram að lokum framkvæmda og að afhendingu verkefnisins til verkkaupa.

Verkefnisvefur skal að lágmarki uppfylla:

- Kerfið skal vera aðgengilegt öllum hlutaðeigandi í verkefninu alla daga, allan sólarhringinn, þ.m.t. verkkaupa.
- Hægt skal vera að úthluta notendum mismunandi réttindum og aðgangi að gögnum.
- Kerfið skal geta sent út tilkynningar þegar breytingar eru gerðar í því.
- Kerfið skal halda skrá með nákvæmri sögu allra atburða í verkefnisvefnum (uppflutningur, niðurhal, leit). Hlutaðeigandi í verkefninu mega ekki geta breytt eða eytt sögu atburða.
- Verkkaupi skal geta sótt allt innihald verkefnisvefsins og flutt á annan vef.
- Vista skal líkön að minnsta kosti vikulega á verkefnisvef á hönnunartíma.

Hönnunargögn teljast ekki útgefin fyrr en þeim hefur verið hlaðið upp á verkefnisvef.

1.1.12 Verklok ráðgjafa

Verklok ráðgjafa teljast þegar hann hefur lokið gerð útboðsgagna og skilað rýndum hönnunargögnum til verkkaupa, dagsetning verkloka er gefin í grein 0.1.3. Tafabætur reiknast frá þeim degi.

Endanleg verklok ráðgjafa er þegar lokaúttekt húss hefur farið fram og reyndar-teikningar hafa verið lagðar inn til byggingarfulltrúa.

Viðauki 1: Gátlisti

Eftirfarandi upplýsingar SKULU fylgja tilboði og skal bjóðandi haka við hvern reit hér fyrir neðan til staðfestu og skila inn með umsókn sinni.

- Formblað A1 – Upplýsingar um bjóðanda
- Formblað A2 – Upplýsingar um fjárhagsstöðu bjóðanda
- Gögn sem sýna fram á að eigið fé bjóðanda uppfylli lágmarks skilyrði útboðsgagna
- Staðfesting á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld
- Staðfesting á að bjóðandi sé í skilum með lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði
- Formblað A3 – Verkefnisstjóri, ásamt ferilskrá
- Formblað A4 – Hönnunarstjóri, ásamt ferilskrá
- Formblað A5 – Arkitekt, ásamt ferilskrá
- Formblað A6 – Verkfræðihönnun, burðarvirki, ásamt ferilskrá
- Formblað A7 – Verkfræðihönnun, lagnir og loftræsikerfi, ásamt ferilskrá
- Formblað A8 – Verkfræðihönnun, rafkerfi, ásamt ferilskrá
- Formblað A9 – Verkfræðihönnun, lýsing, ásamt ferilskrá
- Formblað A10 – Verkfræðihönnun, brunatæknileg hönnun, ásamt ferilskrá
- Formblað A11 – Verkfræðihönnun, hljóðvistarhönnun, ásamt ferilskrá
- Formblað A12 – Verkfræðihönnun, jarðtækni
- Formblað A13 – Kostnaðarráðgjafi, ásamt ferilskrá.

Viðauki 2: Formblöð

Formblað A1
Upplýsingar um bjóðanda
Nafn bjóðanda:
Stofndagur:
Lýsing á rekstri:
Kennitala:
Heimilisfang:
Sími:
Netfang:
Tengiliður bjóðanda:
Netfang tengiliðar:

Fylgiskjöl:

- Útskrift úr hlutafélagaskrá
- Almennar upplýsingar um bjóðanda, starfslið og reynslu yfirmanna
- Skrá yfir starfsmenn sem koma til með að vinna verkefnið, nefna skal að lágmarki 2 arkitekta, 2 verkfræðinga fyrir burðarvirki, 2 fyrir lagnakerfi og 2 fyrir rafmagn.
- Skrá yfir sambærileg verkefni bjóðanda, nafn verkaupa og tengiliðar sem má hafa samband við
- Staðfesting um vottað gæðastjórnunarkerfi

Ég undirritaður staðfesti hér með að upplýsingar í þessari umsókn eru sannar og réttar. Ég staðfesti að ég hef heimild til að skrifa undir fyrir hönd þeirra aðila er standa að umsókninni.

Staður:

Dagsetning:

Undirskrift:

Formblað A2
Upplýsingar um fjárhagsstöðu bjóðanda
Nafn bjóðanda:

Fylgiskjöl:

- Ársreikningar 2018 og 2019
- Staðfesting á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld
- Staðfesting á að bjóðandi sé í skilum með lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði

Staður:

Dagsetning:

Undirskrift:

Formblað A3
Verkefnisstjóri
Nafn bjóðanda/fyrirtæki
Nafn og kennitala verkefnisstjóra:
Menntun:

Fylgiskjöl

- Ferilsskrá með menntun og starfsreynslu
- Yfirlit um 5 ára samanlagða starfsreynslu af mannvirkjagerð og verkefnastjórnun sambærilegra verka á síðastliðnum 15 árum
- Annað sem bjóðandi vill koma á framfæri

Staður:

Dagsetning:

Undirskrift:

Formblað A4
Hönnunarstjóri
Nafn bjóðanda/fyrirtæki:
Nafn og kennitala hönnunarstjóra:
Menntun:
Staðfesting með undirritun að viðkomandi sé löggiltur hönnuður samkvæmt kröfum gildandi byggingarreglugerðar og hafi heimild til að skila inn uppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Íslandi:

Fylgiskjöl

- Ferilsskrá með menntun og starfsreynslu
- Yfirlit um 5 ára samanlagða starfsreynslu af mannvirkjagerð og hönnunarstjórn sambærilegra verka á síðastliðnum 15 árum
- Yfirlit yfir starfsreynslu sem BIM stjóri, eða upplýsingar um þann aðila sem annast það verkefni
- Annað sem bjóðandi vill koma á framfæri

Staður:

Dagsetning:

Undirskrift:

Formblað A5
Arkitekt
Nafn bjóðanda/fyrirtæki:
Nafn og kennitala arkitekts:
Menntun:
Staðfesting með undirritun að viðkomandi sé löggiltur hönnuður samkvæmt kröfum gildandi byggingarreglugerðar og hafi heimild til að skila inn uppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Íslandi:

Fylgiskjöl

- Ferilsskrá með menntun og starfsreynslu
- Yfirlit um 5 ára samanlagða starfsreynslu af hönnun sambærilegra verka á síðastliðnum 15 árum
- Annað sem bjóðandi vill koma á framfæri

Staður:

Dagsetning:

Undirskrift:

Formblað A6
Verkfræðihönnuður, burðarvirki
Nafn bjóðanda/fyrirtæki:
Nafn og kennitala verkfræðings:
Menntun:
Staðfesting með undirritun að viðkomandi sé löggiltur hönnuður samkvæmt kröfum gildandi byggingarreglugerðar og hafi heimild til að skila inn uppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Íslandi:

Fylgiskjöl

- Ferilsskrá með menntun og starfsreynslu
- Yfirlit um 5 ára samanlagða starfsreynslu af hönnun burðarvirkja sambærilegra verka á síðastliðnum 15 árum
- Annað sem bjóðandi vill koma á framfæri

Staður:

Dagsetning:

Undirskrift:

Formblað A7
Verkfræðihönnuður - lagnir og loftræsing
Nafn bjóðanda/fyrirtæki:
Nafn og kennitala verkfræðings:
Menntun:
Staðfesting með undirritun að viðkomandi sé löggiltur hönnuður samkvæmt kröfum gildandi byggingarreglugerðar og hafi heimild til að skila inn uppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Íslandi:

Fylgiskjöl

- Ferilsskrá með menntun og starfsreynslu
- Yfirlit um 5 ára samanlagða starfsreynslu af hönnun lagna- og loftræsikerfa sambærilegra verka á síðastliðnum 15 árum
- Annað sem bjóðandi vill koma á framfæri

Staður:

Dagsetning:

Undirskrift:

Formblað A8
Verkfræðihönnuður - rafkerfi
Nafn bjóðanda/fyrirtæki:
Nafn og kennitala verkfræðings:
Menntun:
Staðfesting með undirritun að viðkomandi sé löggiltur hönnuður samkvæmt kröfum gildandi byggingarreglugerðar og hafi heimild til að skila inn uppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Íslandi:

Fylgiskjöl

- Ferilsskrá með menntun og starfsreynslu
- Yfirlit um 5 ára samanlagða starfsreynslu af hönnun rafkerfa sambærilegra verka á síðastliðnum 15 árum
- Annað sem bjóðandi vill koma á framfæri

Staður:

Dagsetning:

Undirskrift:

Formblað A9
Verkfræðihönnuður - lýsing
Nafn bjóðanda/fyrirtæki:
Nafn og kennitala verkfræðings:
Menntun:

Fylgiskjöl

- Ferilsskrá með menntun og starfsreynslu
- Yfirlit um 5 ára samanlagða starfsreynslu af hönnun lýsingar sambærilegra verka á síðastliðnum 15 árum
- Annað sem bjóðandi vill koma á framfæri

Staður:

Dagsetning:

Undirskrift:

Formblað A10
Verkfræðihönnuður - brunatæknileg hönnun
Nafn bjóðanda/fyrirtæki:
Nafn og kennitala verkfræðings:
Menntun:
Staðfesting með undirritun að viðkomandi tali og skrifi góða íslensku:

Fylgiskjöl

- Ferilsskrá með menntun og starfsreynslu
- Yfirlit um 5 ára samanlagða starfsreynslu af brunatæknilegri hönnun sambærilegra verka á síðastliðnum 15 árum
- Annað sem bjóðandi vill koma á framfæri

Staður:

Dagsetning:

Undirskrift:

Formblað A11
Verkfræðihönnuður - hljóðvistarhönnun
Nafn bjóðandi/fyrirtæki:
Nafn og kennitala verkfræðings:
Menntun:

Fylgiskjöl

- Ferilsskrá með menntun og starfsreynslu
- Yfirlit um 5 ára samanlagða starfsreynslu af hljóðhönnun sambærilegra verka á síðastliðnum 15 árum
- Annað sem bjóðandi vill koma á framfæri

Staður:

Dagsetning:

Undirskrift:

Formblað A12
Verkfræðihönnuður - jarðtækni
Nafn bjóðandi/fyrirtæki:
Nafn og kennitala verkfræðings:
Menntun:

Fylgiskjöl

- Ferilsskrá með menntun og starfsreynslu
- Yfirlit um 5 ára samanlagða starfsreynslu af jarðtæknihönnun sambærilegra verka á síðastliðnum 15 árum
- Annað sem bjóðandi vill koma á framfæri

Staður:

Dagsetning:

Undirskrift:

Formblað A13
Kostnaðarráðgjafi
Nafn bjóðandi/fyrirtæki:
Nafn og kennitala ráðgjafa:
Menntun:

Fylgiskjöl

- Ferilsskrá með menntun og starfsreynslu
- Yfirlit um 5 ára samanlagða starfsreynslu af gerð kostnaðaráætlana og eftirfylgni með þeim fyrir sambærileg verk á síðastliðnum 10 árum. Sýna skal fram á reynslu við gerð lífsferilskostnaðargreininga, LCC
- Annað sem bjóðandi vill koma á framfæri

Staður:

Dagsetning:

Undirskrift:

Viðauki 3: Húsrýmisáætlun

Eftirfarandi skjal er mælitafla fyrir nýja reiðhöll Sörla, svonefndur húsrýmislykill, sem gefur forsendur til móttunar einstakra hluta byggingar reiðhallarinnar.

Byggt er byggð að og samtengt við eldra húsnæði sem er nýtt áfram að fullu.

Byggingunni er hægt að skipta í tvö meginrými, tengibyggingu og reiðhöll. Gert er ráð fyrir að tengibygging verður byggð í tveimur áföngum. Þar til 2. áfangi tengibyggingar kemst í notkun verður inngangur að áhorfendapöllum í nýrri reiðhöll í gegnum stiga í núverandi þjónusturými auk nýrrar lyftu sem verður byggð við hlið stigans.

Heiti rýmis	Notkun	Stærð m ²
Reiðgólf	Reiðhöllin er hugsuð sem æfinga- og sýningarsalur fyrir hestaíþróttir. Reiðhöllin sjálf skal vera gluggalaust rými. Tvær stórar rafdrifnar hurðir skulu vera á sitthvorum gaffli húsinis og þrjár minni minni hurðir á langhlið hússins. Aðkoma gesta og áhorfenda er um S-byggingu en knapa/ hesta um A-byggingu. Reiknað er með bílastæðum norðan og austan við húsið. Reiknað með þrískiptu æfingarsvæði sem er um 2.500 m ² í heild og er þá hver völlum um 840m ² (ca. 24*35m ²). Tvö hljóðvistartjöld geta skipt salnum í þrennt. Lýsing þarf að vera þrískipt og hægt að stjórna styrk. Hljóðkerfi skal vera fyrir bæði sal og útisvæði. Hitablásarar hita upp salinn. Malargólf er með vökvun. Reikna skal með reiðleið langsum í gegnum húsið, gegnt áhorfendapöllum, meðfram N/A-langhlið.	2.500
Áhorfendavæði	Áhorfendapallar skulu vera fyrir 800 manns. Sex steypdir pallar með aðgengi fyrir áhorfendur að ofanverðu.	500
Þula-og dómarastúka	Dómgæsluherbergi að mestu úr gleri, þar sem hægt er að hafa góða yfirsýn bæði yfir útisvæði og innisvæði.	25
Veggir		160
Reiðhöll, heildarfermetrar		3.185

Tengibygging - 1. áfangi

Heiti rýmis	Notkun	Stærð m ²
Húsvörður og þjónusturými fyrir knapa	Rými á 1. hæð við hlið undirbúningsvæði knapa	100
Gangsvæði að áhorfendapöllum	Rými frá núverandi stiga að áhorfendapöllum og salernum	140
Tæknirými	Rými fyrir loftræsisamstæðu, inntök í núverandi reiðhöll	25

Fundarherbergi/ dómaraherbergi	Fundar- og dómaraherbergi með yfirsýn yfir reiðhöll	20
Salerni	Almenn salernisaðstaða á efri hæð fyrir áhorfendur og nægileg fyrir allt að 800 manns Vísað er til reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002.	75
Tengibygging 1. áfangi, heild		360
Tengibygging - 2. áfangi		
Félagshesthús	Aðstaða fyrir börn og unglinga sem hafa ekki aðstöðu til að sinna íþróttinni með fjölskyldu sinni. 16 einshestastíur ásamt heygeymslu, reiðtygjageymslu og fataherbergi/ anddyri	160
Nýtt anddyri	Vindfang, nýr stigi og lyfta með aðgengi að áhorfendapöllum á 2. hæð	90
Félags- og kennsluaðstaða	Stækkun á núverandi sal	250
Tengibygging 2. áfangi, heild		500